

23. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 3. nóvember 2020 í Huppusalnum í Félagsheimili Hrunamanna og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2021. Helstu breytingar eru að allir liðir gjaldskráar hækka um 2,7%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

2. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 181 á árinu 2021. Gert er ráð fyrir verulegum fjárfestingum á árinu 2021 en þær eru vegna gatnagerðar í Laxárhlið, endurnýjun lagna við hringtorg á Flúðum og tengingu Kópsvatnsholunnar við Flúði, samtals að fjárhæð 112 millj. án VSK. Fyrir liggur kostnaðaráætlun á tengingu Kópsvatnsholunnar við Flúði. Gert er ráð fyrir að hitaveitan þurfi að taka lán að fjárhæð kr. 80 millj. vegna framkvæmdanna. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

3. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Helstu tillögur eru að gjald á íbúðarhús lækki úr 0,22% í 0,21% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 38.100 eða um 2,7%. Hámark á íbúðarhús hækkar í kr. 56.500 eða um 2,7%. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 2,7% og verður kr. 38.100. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald hækkar úr kr. 29 í kr. 30 á m³. Mælaleiga, heimæða- og stofngjöld hækka um 2,7%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

4. Fjárhagsáætlun vatnsveitu Hrunamannahrepps 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir verulegri fjárfestingu á árinu 2021 en þar er m.a. gert ráð fyrir að byggður verði miðlunarvatnstankur í Berhylsfjalli en fyrir liggur kostnaðaráætlun upp á 68 millj. Gert er ráð fyrir að taka lán fyrir þeirri framkvæmd. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýli á Flúðum er óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis en 0,15 af atvinnuhúsnæði. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði hækkar um 2,7% í kr. 56.500 og einnig hámarksgjald á atvinnuhúsnæði um 2,7% eða í kr. 219.400. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa við íbúðar- og sumarhús utan þéttbýlis á Flúðum hækkar í kr. 10.600 eða um 7%. Þá er gert ráð fyrir að gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur og fyrirtæki auk aukagjalds fyrir aukalosun á rotþróum vegna tæmingar hækki um 2,7%. Heimæðargjöld í þéttbýli á Flúðum hækka um 2,7%. Meirihluti

veitustjórnar samþykkir tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að ganga frá gjaldskránni með vísun í gjaldskrá Seyrustaða varðandi aukalosun og losun frá fyrirtækjum, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar. D-listi samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá nema 7% hækkun á rotþróargjaldi og telja ekki sanngjarnt að hækka það gjald umfram aðra liði sem nemur 2,7%.

6. Fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2021.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir hefðbundum rekstri fráveitunnar að öðru leyti en því að verulegar fjárfestingar eru fyrirhugaðar vegna gatnagerðar í Laxárhlið og hreinsistöðvar þar. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárfestingar- og fjárhagsáætlun.

7. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hrunaljós 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin hækki um 2,7% að öðru leyti en tengigjöld nýrra notanda verði óbreytt, bæði í dreibýli og þéttbýli.

Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

8. Fjárhagsáætlun Hrunaljóss 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri Hrunaljóss að fjárhæð um kr. 89 þús. á árinu 2021. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

9. Seyruverkefnið.

Hannibal og Jón fóru fyrir seyruverkefnið og væntanlegan rekstur þess en verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Uppsveitum, Flóa- og Ásahrepps. Verið er að vinna að endurskoðun á samstarfssamningi sveitarfélaganna og útfærslu á fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2021.

10. Flúðaorka.

Lögð var fram til kynningar fundargerð stjórnarfundar Flúðaorku frá 15. okt. s.l og minnisblað vegna dæluþrófunar á holu KV-02. Þar kom fram að búið er að prófa afköst holunnar og miðað við þær niðurstöður er aföstu holunnar með nýrri dælu allt að 60 l/sek. Fram kom að það er áhugi á að auka rafmagnsframleiðsluna sem næmi um 3-4 einingum. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að ræða við Flúðaorku vegna fyrirhugaðar nýtingar á heitu vatni úr KV-02.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið kl. 18:30.